

Nd.

742. Nefndarálit

[219. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 11. júní 1960, um breyt. á l. nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Í menntamálanefnd flutti ég þá breytingartillögu við frv., að einum prófessoranna í tannlæknisfræði sé falin yfirumsjón með tannlæknisþjónustu í barna- og unglíngaskólum landsins. Um þessa tillögu varð ekki samkomulag, þó að meðnefndarmenn mínir væru henni ekki andvígir, og flyt ég hana því á sérstöku þskj.

Þörfin á tannlæknaþjónustu í barna- og unglíngaskólum landsins er mikil, svo sem m. a. sést af þeirri skýrslu, er stjórn Tannlæknafélags Íslands hefur nýlega birt og prentuð er hér sem fylgiskjal. Fram til þessa hefur ríkið ekki haft bein afskipti af þessari þjónustu, heldur hefur hún fyrst og fremst verið komin undir framtaki bæjarfélaganna. Reynslan sýnir hins vegar, að slíkt framtak nægir ekki, og þarf hér að koma til eftirlit ríkisins, ef vel á að vera, — og vafalaust þyrfti helzt um þetta nýja löggjöf. Þetta gæti þó orðið nokkur byrjun á afskiptum ríkisins af þessu máli.

Ýmsir af núverandi prófessorum í læknisfræði gegna svipuðum trúnaðarstörfum af hálfu ríkisins og hér er lagt til, að einn prófessorinn í tannlæknisfræði gegni.

Legg ég því til, að frv. sé samþykkt með brtt. minni.

Alþingi, 11. apríl 1962.

Einar Olgeirsson.

Fylgiskjal.

Skýrsla frá stjórn Tannlæknafélags Íslands um tannlæknisþjónustu í barnaskólum.

Hér í bæ ríkir vægast sagt ófremdarástand að því er tönnum barna viðkemur. Aðeins lítill hluti þeirra um 10 þúsund barna, sem stunda barnaskólanám, fær nú fullkomna, reglulega þjónustu.

Tannviðgerðir og fræðslustarfsemi er nú engin í skólum bæjarins. Fræðslustarfsemi hefur að visu aldrei verið nein. En bæjaryfirvöldin borga helming þeirra reikninga fyrir tannviðgerðir, sem framvísað er. En þessi ráðstöfun er ekki lausn, ekki skref í rétta átt.

Íslendingar geta státað af stórvirkjum á sviði heilbrigðismála, og nægir þar að benda á t. d. útrýmingu berkclaveikinnar. En þegar kemur að útbreiddasta sjúkdómi mannkynsins, tannskemmdunum, gerir stjórn heilbrigðismála Reykjavíkur þá kórville að kasta frá sér ábyrgðinni af tönnum barna.

Vonandi verða sem allra fyrst teknar upp aftur tannviðgerðir í sjálfum skólunum, því að núverandi fyrirkomulag hefur fáa þá kosti, sem skólatannlækningar veita.

Aðalgallarnir við núverandi fyrirkomulag, eins og það er framkvæmt hér í bæ, eru þessir: Allt skipulag leggst niður, og börnin eru ekki tekin reglulega til skoðunar og tannviðgerða. Verða því viðgerðirnar bæði erfiðari, sársaukafyllri og dýrari eða jafnvel óframkvæmanlegar. Foreldrar, sem ekki fara sjálfir reglulega til tannlæknis, hafa varla hugsun á því að senda börn sín reglulega til tannlæknis og þykir það jafnvel óþarfi. En einmitt börn frá slíkum heimilum þarfnast helzt þjónustu hins opinbera. Niðurstaðan verður því sú, að stærsti hluti greiðslanna fer til þeirra, sem mundu hvort sem er láta gera reglulega við tennur barna sinna, en ekki til þeirra, sem helzt þyrftu þeirra með, nema til þess að greiða tannúrdrætti.

Fleiri orsakir liggja til þess, að ekki komast nema fá þessara barna til tannlæknis, eftir að þessi breyting varð. Nægir þar að nefna fátækt sumra til þess að greiða, þótt ekki sé nema helming kostnaðarins. Enn aðrir vanrækja þessa skyldu sína vegna áhugaleysis og trassaskapar. En telja má, að meir en níu af hverjum tíu skólabarna þyrftu tannviðgerðar með á hverju ári.

Tannlækningar í barnaskólum voru fyrst framkvæmdar 1902. 1905 var opnuð fyrsta tannlækningastofan í barnaskóla á Norðurlöndum, og hér á landi hófust reglubundnar skólatannlækningar árið 1926. Síðan hefur þessi starfsemi aukizt mjög á öllum hinum Norðurlöndunum og er til fyrirmyndar í Noregi, Svíþjóð og Danmörku.

Kostirnir við að hafa tannlækna í sjálfum skólunum eru svo miklir, að reyna verður allt til þess, að slíkt verði aftur tekið upp. Skal nefnt hér hið helzta.

Einmitt á barnaskólaaldrinum koma flestar fullorðinstennurnar í ljós og því mest aðkallandi, að fylgzt sé reglulega með þeim. Næst þá fyrir skemmdina, meðan hún er enn á byrjunarstigi. Þá er mjög nauðsynlegt að venja börn strax frá byrjun á að fara reglulega til eftirlits, sem leiðir af sér sársaukaminni og einfaldari viðgerðir. Börnunum finnst einnig sjálfsagt að hugsa vel um tennurnar, fyrst skólafélagar þeirra verða að gera það. Tannviðgerðirnar verða því börnunum sjálf-sagðar, eins og annað, sem skólagöngunni tilheyrir.

Þær tennur, sem án efa eru mikilvægastar fyrir alla tyggingu og kjálka-myndun, eru hinir svonefndu sex ára jaxlar. Þegar börnin koma fyrst í barnaskóla, eru þessir jaxlar í flestum tilfellum orðnir skemmdir. En þeir koma oftast einkennalaust fyrir aftan barnajaxlana. Mjög er því nauðsynlegt, að þá þegar sé haft reglulegt eftirlit með þeim og gert við þá. Flestir foreldrar halda, að þessir jaxlar séu barnajaxlar, og eru því skeytingarlausir um þá. En þá þegar er illmögulegt að gera við marga af sex ára jöxlunum, hvað þá sé viðgerðin dregin til átta ára aldursins.

Í öllum hinum svonefndu siðmenntuðu löndum hefur verið tekin upp skipulögð fræðsla um, hvað hægt er að gera til að minnka tannskemmdir. Er aðaláherzlan lögð á mataræðið, forðast sykurríka fæðu, borða ekki milli mála og venja barnið strax á góðar matarvenjur. Tannhreinsunin er ekki síður mikilvæg og að haft sé reglulegt eftirlit með tönnum.

Sú staðreynd, að aðeins mjög lítil hluti þjóðarinnar þrífur tennur sínar reglulega, er mjög uggekjandi og lítt sæmandi menningarþjóð, þegar sannað er, að byrjað var þegar þrjú til fjögur þúsund árum fyrir Kristsburð að burstu tennur. Hafa Íslendingar oft verið fyrri til að tileinka sér nýjungar.

Athuganir, sem gerðar voru í einum af barnaskólum bæjarins fyrir þremur árum, sýndu, að aðeins rúmlega 10% barnanna burstuðu tennurnar reglulega og

tæpur helmingur átti sinn eigin tannbursta. Börnin voru látin koma með burstana sína í skólann, og var ótrúlega algengt, að fjölskyldan notaði öll sama burstann. Oft var erfitt að sjá upprunalegt útlit hans, því að svo illa var hann oft leikinn og vanhirtur. Þetta er kannske skiljanlegt, þegar litið er á, hve lítillar fræðslu fólk hefur notið um þessi mál. En hér þyrfti að koma breyting á.

Tannlæknafélagið hefur undanfarna tvo vetur reynt að reka fræðslustarfsemi um tannskemmdir og varnir gegn þeim. Á hinum Norðurlöndunum hefur hið opinbera haft forustu um þessi mál, rekið umfangsmikla fræðslustarfsemi og gert þær ráðstafanir, sem sannað er að haldi geti komið til minnkunar tannskemmda. Má nefna sem dæmi umfangsmikla og skipulega útgáfustarfsemi, kennslu um tannhreinsun og að notfæra sér hina miklu kosti flúors til varnar tannskemmdum. Öll skólaborn í Stokkhólmi fá t. d. tvisvar á ári gefins tannbursta frá yfirvöldum borgarinnar og eru um leið látin bursta tennur sínar upp úr sérstakri flúorupplausn. Annast þetta átta stúlkur, sem fengið hafa lítils háttar tilsoðn um rétta tannburstunaraðferð. Sjá tvær stúlkur um fimmtán þúsund börn. Mundi því t. d. ein stúlka geta annast þetta hér í bæ og kostnaðurinn við tannburstagjafirnar minni en rekstur einnar tannlækningastofu í skóla. En árangurinn hjá þeim er undraverður, því að tannskemmdir minnka um 25%. Ef við hugsum okkur, að hér í bæ þurfi tólf skólátannlækna, þá mætti spara allt að þrjú þeirra, væri þessari aðferð beitt.

Enn þá áhrifaríkari er þó sú aðferð að bæta flúor í sjálft drykkjarvatnið, og hefur fengist um 50% minnkun tannskemmda með þeirri aðferð. Ef við göngum út frá sömu tölu skólatannlækna og áður eða tólf fyrir Reykjavík, þá mundi sparast vinna helmings þeirra eða sex skólatannlækna. Erfitt er að gizka nákvæmlega á, hver kostnaðurinn yrði, en líklega rúmar 200 þúsund krónur fyrir Reykjavík á ári.

Hér er stuðzt við þær niðurstöður, sem fengist hafa eftir margra ára vísindalegar tilraunir og reynslu annarra þjóða, svo að ekki væri úr vegi að reyna slíkt hér á landi. Ótrúlegt er, að niðurstaðan verði önnur.

Að komast hjá tannskemmdum er það, sem árangursríkast er, þegar barizt er gegn tannskemmdum. Tannviðgerðirnar mætti frekar líta á sem neyðarúrræði, er grípa verður til við þær tennur, sem skemmast.

Sem dæmi um, hve mikil áherzla lögð er á þetta atriði, t. d. í Ósló og víðar, má nefna, að öllum barnaskólabornum þar er veitt ókeypis máltíð, sem samanstendur af grófu brauði, hörðu skonroki, gulrót og mjólk. Þetta verður að borðast eftir vissum reglum í skólunum. Fyrst er brauðið borðað þurrt, síðan er mjólkin drukkin og að lokum gulrótin nöguð. Eftir að þetta fyrirkomulag var tekið upp, tók upp undir klukkutíma fyrir sum börnin að borða skammtinn sinn. Margir af kennurunum áttu einnig í erfiðleikum með að tyggja þurra bitana, enda skiljanlegt með tilliti til þess, að vaninn var orðinn sá að tyggja fæðuna ekki, heldur renna bitunum niður ótuggðum með mjólk, kaffi eða einhverju öðru. Slíkt leiðir aftur á móti af sér, að tennurnar og tannholdið fá ekki það álag, sem nauðsynlegt og eðlilegt er. Tennurnar verða óhreinar og tannholdið bólgið. Tennurnar losna jafnvel og detta úr vegna notkunarleysis. Auk þess verður meltingin öll erfiðari og ófullkomnari.

Þeim tíma væri ekki illa varið, sem notaður væri í að kenna börnum í barnaskólunum að tyggja fæðuna, því að ég er viss um, að ástandið er sízt betra hjá okkur í þessum efnum en t. d. Norðmönnum og Svíum, áður en þeir tóku skipulega á þessum málum. Einmitt nú er auðvelt að kenna þetta, þegar það sjálfsagða fyrirkomulag er að komast á, að börnin fá mjólk í skólunum og borða bitann sinn með, í stað þess að hlaupa út í næstu húð, drekka gosdrykki og borða vinarbrauð.

Söluturnarnir eru þeir staðir, sem þó munu selja einna mest af sælgæti og gosdrykkjum. Allir eru sammála um, að slíkir veitingastaðir séu nú þegar orðnir allt of margir. Varhugaverðast er þó það fyrirkomulag, sem mikið er farið að tíðkast hér í bæ, að veita mönnum leyfi fyrir slíka starfsemi með því skilyrði, að þeir staðsetji hana á aðalviðkomustöðum strætisvagnanna og byggji jafnhliða afdrep fyrir þá, sem

bíða. Sérstaklega er þessi ráðstöfun varhugaverð með tilliti til þess fjölda barna, sem verður að notast við strætisvagnana til og frá skólunum. Bæjaryfirvöldin ættu að fella niður þetta fyrirkomulag, jafnvel þó að með því sparist kostnaður við byggingu og viðhald bíðskýla. Mun ekki ofsagt, að bæjarsjóður fái um 1 milljón króna á ári í leyfisgjöld fyrir söluturna, en það er álika upphæð og veitt er til allra skólatannlækninga í bænum, svo að ekki er til of mikils ætlazt, þó að aukin væri fjárveiting til þessara mála.

Margt er því hægt að gera og þá helzt að færa sér í nyt reynslu annarra þjóða í þessum efnum. Hið opinbera þarf auðvitað að hafa forustuna, því að þetta er mikið fjárhagsatriði og varðar alla þjóðina.

Þyrfti að fá tannlækni til þess að sjá um þessi mál og skipuleggja þau frá grunni. Gera þyrfti framtíðaráætlun og fylgjast síðan stöðugt með þeim miklu framförum, sem nú eru að verða á sviði tannlækninga, aðallega hvað tækjum viðvíkur, til aukinna afkasta og minnkunar sársaukans, sérstaklega til þess að nýta til fullnustu þá fámennu starfskrafta, sem völ er á. En sum þau tæki, sem nú eru notuð hér í skólum bæjarins, þyrftu nauðsynlega endurnýjunar með til þess að fylgjast með þeim kröfum, sem gerðar eru nú til dags til slíkra tækja.

Því má heldur ekki gleyma, þegar gerðar eru áætlanir um skólabyggingar, að gera strax í upphafi ráð fyrir góðri aðstöðu til tannlækniþjónustu í sjálfum skólunum.

Ekki er að búast við, að fáist tannlæknir til starfa við alla skólana strax, en frumskilyrðið er, að stöðurnar séu opnar, starfsskilyrðin góð og launin sæmileg, þegar menn bjóðast og koma frá námi. Skortur er á tannlæknum víða, t. d. á Norðurlöndunum, en þess vegna er nauðsynlegt að nýta sem bezt þá starfskrafta, sem kostur er á. En hvergi nýtast starfskraftarnir betur en við skólatannlækningar, þar sem haft er reglulegt eftirlit með tónnunum og skemmdirnar verða því aldrei mjög útbreiddar og miklar.

Þetta er sjúkdómur, sem draga má verulega úr með tiltölulega lítið tímafrekum aðgerðum, séu þær framkvæmdar á réttum tíma. Sé aðgerðin aftur á móti dregin, verður hún margfalt tímafrekari eða kannske óframkvæmanleg.

Við höfum fengið erlenda sérfræðinga í efnahagsmálum, umferðarmálum, loftvarnamálum o. s. frv. En við þurfum ekki síður að fá sérfræðing og þá líklega helzt frá Skandinavíu til að skipuleggja tannlækningar í skólum frá grunni og varnir gegn tannskemmdum. Einmitt núna er rétti tíminn til slíks, þegar byggja þarf allt frá grunni.